

Uppsveitir Árnassýslu og Flóahreppur

Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur

Fundargerð

Nefnd: Skipulags- og byggingarnefnd

Nr. fundar: 10

Dags: 26.02.2009

Fundarmenn: Margeir Ingólfsson (Bláskógabyggð), Ingvar Grétar Ingvarsson (Grímsnes-og Grafningshr.), Sigurður Ingi Jóhannsson (Hrunamannahr.), Gunnar Örn Marteinnsson (Skeiða-og Gnúpverjahr.) Aðalsteinn Sveinsson (Flóahr.), Pétur Ingi Haraldsson (skipulagsfulltrúi), Helgi Kjartansson (byggingafulltrúi)

Mál fyrir fundi

Nr. 1

Málsnr. 200902101445 **Svf.** Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Heiti máls Lækjarbrekka

Þjóðskr.nr. 8720-04-0004-4000

Teg. bygg. Atvinnuhúsnæði

Eigandi Bragi Hannesson 1012323529 Vatnsstíg 21 101 Reykjavík

Lýsing Vinnustofa, steinsteypt með timburþaki. Kemur á grunn vélaskemmu (Mhl07) sem verður rifin.

Stærðir 104.6 m² 396.0 m³ **Hönnuður** ARKÍS

Afgreiðsla *Samþykkt*

Nr. 2

Málsnr. 20080795909 **Svf.** Bláskógabyggð

Heiti máls Skálabrekka lóð 170780

Þjóðskr.nr.

Teg. bygg. Sumarhús

Eigandi Guðbjartur Vilhelmsson 2603442502 Fagrabrekka 20 200 Kópavogur

Lýsing 14,9 ferm viðbygging við sumarbústað, lenging um 2,2m. Stærð eftir breytingu 59,8 ferm

Stærðir 59.8 m² 158.8 m³ **Hönnuður** vantar

Afgreiðsla *Samþykkt*

Nr. 3

Málsnr. 20080693874 **Svf.** Bláskógabyggð

Heiti máls V-Gata 20

Þjóðskr.nr. 8721-05-3790-0200

Teg. bygg. Sumarhús

Eigandi Kolbrún Ó Óskarsd/Jón S Jónass 2409514879 Drekaöllum 57 221 Hafnarfjörður

Lýsing Aukahús úr timbri á steypa sökkla og plötu

Stærðir 30.0 m² 101.6 m³ **Hönnuður** Stefán Ingólfsson

Afgreiðsla *Samþykkt*

Nr. 4

Málsnr. 200902151466 **Svf.** Flóahreppur

Heiti máls Stekkholt land 3

Þjóðskr.nr. 8722-02-00040012

Teg. bygg. Gripahús

Eigandi Grashagi 6702080870 Baugstjörn 10 800 Selfoss

Lýsing Sótt er um leyfi til að byggja hesthús með íbúð á efri hæð, áfast húsinu er geymsluhúsnæði. Hesthús er 190 ferm, geymsla er 154 ferm, íbúð á 2. hæð er 179 ferm alls, 523 ferm

Stærðir 523.5 m² 1978.5 m³ **Hönnuður** Björgvin Víglundsson

Afgreiðsla *Hafnað þar sem húsið er ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag.*

Nr. 5

Málsnr. 20090271465 **Svf.** Hrunamannahreppur

Heiti máls Garður - Hvammur I - deiliskipulag

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi sem nær yfir um 3,15 ha úr landi Hvamms I og Garðs. Í tillögunni að gert er ráð fyrir byggingarreit fyrir stækkun gróðurhúss, reit fyrir íbúðarhús og reit fyrir þjónustuhús/starfsmannahús auk þess sem gert er ráð fyrir breyttri notkun núverandi bygginga í tengslum við fyrirhugaða ferðaþjónustu. Afgreiðslu frestað þar sem gera þarf betur grein fyrir umferð í gegnum svæðið.

Nr. 6

Málsnr. 200808221028 **Svf.** Grímsnes og Grafningshreppur

Heiti máls Dskbr. Krókur í Grafningi

Lögð fram að nýju tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Króks í Grafningi. Gildandi deiliskipulag nær yfir 120 ha svæði og eru 110 frístundahúsalódir þar innan. Samkvæmt skipulaginu er gert ráð fyrir að fráveitu frá frístundhúsunum verði veitt í þrjú sameiginleg hreinsivirki en í breytingartillögunni er gert ráð fyrir að þessu verði breytt og í staðinn gert ráð fyrir sér hreinsivirki á hverri lóð, með möguleika á að tengja 2-3 hús saman. Þá eru gerðar smávægilegar breytingar á legu vega á svæðinu. Fyrir liggja umsagnir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar. Að mati nefndarinnar er um óverulega breytingu á skipulaginu að ræða og samþykkir hana að nýju skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Nr. 7

Málsnr. 200808591037 **Svf.** Grímsnes og Grafningshreppur

Heiti máls Hæðarendi, Selhóll - Breyting á deiliskipulagi, lóð nr. 3095

Lögð fram að nýju eftir grenndarkynningu tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Hæðarenda (Selhóll). Breytingin nær yfir rúmlega 3 ha lóð við Skyggisbraut (nýtt nafn) og er henni skipt í tvær jafnstórar lóðar. Ein athugasemd barst á kynningartíma. Fyrir liggur upphaflegt afsal lóðarinnar ásamt meðfylgjandi uppdrætti. Samþykkt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Nr. 8

Málsnr. 200902591464 **Svf.** Grímsnes og Grafningshreppur

Heiti máls Klumba í landi Nesja - deiliskipulag geymslu

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi um 4 ha lóðar í landi Nesja (Klumba). Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir byggingarreit sem ætlaður er fyrir allt að 80 fm geymslu (bátaskýli, vélageymslu). Byggingarreitur er í 45 m fjarlægð frá vatni. Á lóðinni er fyrir 90 fm hús og um 19 fm geymsla. Hafnað þar sem stærð húss samræmist ekki ákvæðum sveitarfélagsins um frístundahúsalóðir auk þess sem húsið er of nálægt vatni miðað við ákvæði skipulagsreglugerðar.

Nr. 9

Málsnr. 200902301460 **Svf.** Grímsnes og Grafningshreppur

Heiti máls Stangarlækur 1 og 2 - deiliskipulagsbreyting

Lögð fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu í landi Stangarlæks 1 og 2. Gert er ráð fyrir að byggingarreitir fyrir gripahús oög íbúðarhús stækki auk þess sem bætt er við litlum byggingarreitum fyrir hrossaskjól. Að mati nefndarinnar er breytingin óveruleg og samþykkir hana skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Nr. 10

Málsnr. 200812421346 **Svf.** Grímsnes og Grafningshreppur

Heiti máls Syðri-Brú - Lækjarbrekka_óveruleg deiliskipulagsbreyting

Lögð fram eftir grenndarkynningu tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Lækjarbrekka 23 í landi Syðri-Brúar. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir sér lóð undir dæluhús á suðvesturhluta Lækjarbrekku 23. Fyrir liggur athugasemd frá eigenda lóðar nr. 23 sem leggst gegn breytingunni. Hafnað.

Nr. 11

Málsnr. 20071140498 **Svf.** Grímsnes og Grafningshreppur

Heiti máls Úlfjótsvatn - deiliskipulag

Lögð fram eftir auglýsingu tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Úlfjótsvatns. Tillagan var auglýst samhlíða breytingu á aðalskipulagi svæðisins 3. apríl 2008 með athugasemdafrest til 15. maí. Athugasemdir bárust. Aðalskipulagsbreytingin hefur nú verið staðfest. Tillagan er nú lögð fram með þeirri breytingu að lóðum fækkar úr 59 í 56 auk smávægilegra breytinga á umfjöllun í greinargerð t.d. varðandi fráveitur. Samþykkt skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga með fyrirvara um nýja umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Nr. 12

Málsnr. 20080831031 **Svf.** Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Heiti máls Dsk Þjórsárholt - Jarphagi

Lögð fram að nýju tillaga að deiliskipulagi þriggja rúmleg 5 ha frístundahúsalóða í landi Þjórsárholtis. Svæði liggur á milli aðkomuvegi að bænum Þjórsárholti og nýsamþykkt deiliskipulags frístundahúsalóða vestan í Þjórsárholti (holtinu). Gert er ráð fyrir að á hverri lóð verði heimilt að reisa 2-3 einnar hæðar frístundahús auk svefnlofts. Heildarnýtingarhlutfall lóðar má að hámarki vera 0.03. Sveitarstjórn hefur samþykkt að augýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi samsvarandi svæðis. Samþykkt að auglýsa tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga með fyrirvara um að eingöngu verði heimilt að reisa eitt frístundahús og eitt aukahús (að hámarki 50 fm) á hverri lóð. Einnig þarf að liggja fyrir staðfesting á neysluvatni úr vatnsveitu sveitarfélagsins.

Nr. 13

Málsnr. 200902901470 **Svf.** Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Lagt fram landsspildublað sem sýnir allar spildur innan jarðanna Sandlæks 1 og 2 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Fjöldi spilda breytist ekki en með lóðablaðinu er afmörkun þeirra skilgreind nákvæmar auk þess sem stærð hluta breytist miðað við núverandi skráningu í fasteignaskrá. Samþykkt skv. 30. gr. skipulags- og byggingarlaga með fyrirvara um samþykki aðliggjandi landeigenda á landamerkjum.

Nr. 14

Málsnr. 200902221467 Svf. Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Heiti máls Þrándartún í landi Þrándarholts- deiliskipulag

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi sem nær yfir Þrándartúnn 9,70 ha svæði úr landi Þrándarholts. Gert er ráð fyrir sex 6.848 fm íbúðahúsalóðum og sex 5.000 fm lóðum undir hesthús, matjurtagarð eða trjárækt. Samþykkt að auglýsa tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Nr. 15

Málsnr. 200902551461 Svf. Bláskógabyggð

Heiti máls Austurhlíð - landsskipti

Lagt fram lóðablað yfir 2 ha spildu úr landi Austurhlíðar (landnr. 167196). Á lóðinni eru í dag fjögur frístundahús og er gert ráð fyrir að afmörkuð verði 1.300 fm lóð utan um hvert hús. upprunalandið verður 1,48 ha eftir skiptin. Afgreiðslu frestað og skipulagsfulltrúa falið að ræða við umsækjanda.

Nr. 16

Málsnr. 200902801468 Svf. Flóahreppur

Heiti máls Ferjunes 213234 - landskipti

Lagt fram lóðablað yfir 2,5 ha spildu sem taka á úr landinu Ferjunes í Lögð fram loftmynd þar sem sótt er um að taka 2,5 ha spildu út úr landinu Ferjunes land 2 (landnr. 213234). að sögn eigenda er fyrirhugað að sækja um lögbylisrétt á landinu. Samþykkt skv. 30. gr. skipulags- og byggingarlaga með fyrirvara um samþykki aðliggjandi landeigenda.

Nr. 17

Málsnr. 200902831469 Svf. Flóahreppur

Heiti máls Klængssel lnr. 165489 - deiliskipulag

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi tveggja lóða í landi Klængssels lnr. 165489, sem heita Klængssel 1 og Klængssel 2. Gert er ráð fyrir tveimur byggingarreitum á hvoru landi, fyrir allt að 600 fm búðarhúsi og allt að 2000 fm útihúsi/geymslu/skemma. Samþykkt að auglýsa tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga en skipulagsfulltrúa falið að ræða við umsækjendur um byggingarmagn.

Nr. 18

Málsnr. 200902141453 Svf. Flóahreppur

Heiti máls Syðri-Gegnishólar landnr. 165499 - lóðablað

Lagt fram lóðablað sem sýnir tvær nýjar lóðir úr jörðinni Syðri-Gegnishólar í Flóahreppi. Lóðin Syðri-Gegnishólar lóð 1 er 3955.8 fm og lóðin Syðri-Gegnishólar lóð 2 er 9158.9 fm. Á lóð 1 er reiðhöll í byggingu en lóð 2 fylgir hesthús með fastanr. 219-9166. Samþykkt skv. 30. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Nr. 19

Málsnr. 200901411440 **Svf.** Öll sveitarfélög

Heiti máls Afgreiðslufundur Byggingafulltrúa 2009

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 19. afgreiðslufundar byggingafulltrúa frá 11. febrúar. Samþykkt